

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulagsbreyting, gámasvæði Seyðishóla.*

Gerð er breyting á deiliskipulagi gámasvæðis Seyðishóla við Búrfellsveg (351), rétt norðan við Biskupstungnabraut. Breytingin felur m.a. í sér stækkun skipulagssvæðis, sameiningu lóða og breytingu á byggingarreitum.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. maí 2020.

*Deiliskipulagsbreyting, Heiðarbraut 22, L208468.*

Gerð er breyting á deiliskipulagi Minnibæjar í Grímsnesi, nr. 7301 frá 2006, sem felur í sér að skilmálum varðandi hámarksbyggingarmagn útihúsa er breytt úr 25 m<sup>2</sup> í 40 m<sup>2</sup>. Skilmálar deiliskipulagsins breytast ekki að öðru leyti.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. maí 2020.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 25. ágúst 2020.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 8. september 2020